

LÖG

um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. málsl. 2. gr. laganna bætist: að undanskilinni 34. gr.

2. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggður er sá sem hefur verið búsettur á Íslandi, sbr. I. kafla A, a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta skv. 1. mgr. 43. gr. er óskað úr sjúkratryggingum, sbr. 3. mgr., nema annað leiði af milliríkjasamningum. Heimilt er að greiða nauðsynlega þjónustu í skyndilegum sjúkdómstilfellum fyrir þá sem flutt hafa búsetu sína til Íslands þótt sex mánaða búsetuskilyrðinu sé ekki fullnægt.

Börn yngri en 18 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Sjúkratrygging samkvæmt lögum þessum tekur til heilbrigðisþjónustu, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu, sem ákvæðið hefur verið með lögum, reglugerðum eða samningum að veita á kostnað ríkisins eða með greiðsluþátttöku ríkisins.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., tekur til eftirfarandi styrkja.
- b. Í stað orðsins „Styrk“ í a–c- og e–f-lið 1. mgr. kemur: Styrks, og í stað orðsins „Ferðastyrk“ í d-lið sömu málsgreinar kemur: Ferðastyrks.
- c. Í stað orðanna „Þá skal Tryggingastofnun greiða kostnað“ í 2. mgr. kemur: Sjúkratrygging tekur til kostnaðar.

4. gr.

Við 34. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., tekur til heilsugæsluþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd greinarinnar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Til viðbótar því sem þegar er upptalið í 33.–35. gr. tekur sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., til eftirfarandi, svo sem hér segir.
- b. Í stað orðanna „Almenna læknishjálpar“ í 1. málsl. a-liðar 1. mgr. kemur: Almennrar læknishjálpar.

- c. Í stað orðanna „Nauðsynlegar rannsóknir og meðferð“ í 1. másl. b-liðar 1. mgr. kemur: Nauðsynlegra rannsókna og meðferðar, og í stað orðanna „samningar skv. 39. gr. taka til“ í sama máslíð kemur: starfa samkvæmt samningum skv. 39. gr.
- d. Í stað orðanna „Lyf“ í 1. másl. c-liðar, „Sjúkradagpeningar“ í d-lið, „Aðstoð“ í e-lið, „Tannlækningar“ í f-lið, „Óhjákvæmilegan ferðakostnað“ í g-lið og 1. mgr. i-liðar, „Óhjákvæmilegan flutningskostnað“ í 1. másl. h-liðar og „Hjúkrun“ í j-lið 1. mgr. kemur: Lyfja, Sjúkradagpeninga, Aðstoðar, Tannlækninga, Óhjákvæmilegs ferðakostnaðar, Óhjákvæmilegs flutningskostnaðar, og: Hjúkrunar.

6. gr.

1. másl. 1. mgr. 37. gr. laganna orðast svo: Sjúkratrygging, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðir fyrir tannlæknaþjónustu, aðra en tannréttingar, samkvæmt samningum, sbr. 39. gr.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Kostnaður við sjúkratryggingu, sbr. 3. mgr. 32. gr., greiðist úr ríkissjóði, að því marki sem ákveðið er samkvæmt lögum þessum eða sérlögum og reglugerðum settum með stoð í þeim.
- b. Í stað orðsins „sjúkratrygginganna“ í 2. mgr. kemur: þess hluta sjúkratryggingar sem Tryggingastofnun ríkisins annast.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.